

Alþingi
Erindi nr. P 130/227
komudagur 20.11.2003



Alþingi
Sigrún Brynja Einarsdóttir
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

HÁSKÓLI ÍSLANDS

REKTOR

Reykjavík, 20. nóvember 2003

Tilvísun: HI03110001/004

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 29. október s.l., þar sem Háskólanum er sent til umsagnar frumvarp til laga um Happraætti Háskóla Íslands (140. mál, endurnýjað einkaleyfi).

Af hálfu Háskólans er þess mjög eindregið farið á leit að veita megi Happraættinu áframhaldandi einkaleyfi, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Framlög Happraættisins til nýbygginga og starfsemi Háskólans hefur verið ein meginforsendan fyrir því að Háskólinn geti gegnt lögbundnu hlutverki sínu. Afar mikilvægt er að svo megi verða áfram og að heimildin verði veitt til 15 ára eins og ráð er fyrir gert, enda er nú unnið að mörgum brýnum verkefnum, svo sem lúkningu Náttúrufræðihúss, og önnur eru í bígerð.

Virðingarfyllst
f.h. rektors

A handwritten signature in cursive script, appearing to read 'Þórður Kristinsson'.

Þórður Kristinsson
framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu